



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1885
komudagur 14. 2011

Reykjavík 25. mars 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun íslenskrar handverksdeildar í Listaháskóla Íslands, 285. mál.

SÍM - Sambandi íslenskra myndlistarmanna hefur borist beiðni frá Menntamálanefnd Alþingis um umsögn vegna ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Kennslu í handverki á Íslandi hefur verið ábótavant síðan Myndlista- og handíðaskóli Íslands (MHÍ) var lagður niður um síðustu aldamót. Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) fær þó ekki séð að Alþingi geti hlutast til um námsefni í Listaháskóla Íslands, enda skólinn sjálfseignarstofnun en ekki ríkisháskóli.

Sambandið vill benda á að fyrst MHÍ var lagður niður þá væri best héðan í frá að efla handverksmenntun á lægri skólastigum. Þar hafa Tækniskólinn og Myndlistaskólinn í Reykjavík verið framarlega á síðustu árum og hafa nú þróað vísi að grunnnámi í leirlist, textíl, teikningu og hönnun í samvinnu við atvinnulífið. Gott væri ef Alþingi gæti rennt stöðum undir þá vísa að, því með styrkri aðstoð þess mætti fjölga greinum handverks sem þar eru kenndar.

Virðingarfyllt
F.h. stjórnar Sambands íslenskra myndlistarmanna,

Hrafnhildur Sigurðardóttir, formaður